

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um stækkun verzlunarstaðar- 120
ins á Seyðisfjarðaröldu. — Með þóknanlegu brjefi, 24. ágúst þ. á., hafði þjer, herra 19. okt.
landshöfðingi, sent hingað frumvarp til laga um stækkun verzlunarstaðarins á Seyðisfirði,
er alþingi í sumar er leið samþykkt.

En ráðgjafinn hlaut að vera yður samdóma um, að hin umrædda ráðstöfun, sem
enginn efi er á, að í sjálfu sjer er hagkvæm, heyri ekki, eptir eðli sínu og reglum þeim,
er hingaðtil hefur verið farið eptir, undir löggjafarvaldið, heldur liggi hún undir úrskurð
umboðsvaldsins. Þessvegna hefur ráðgjafinn allraþegnsamlegast lagt það til við hans
hátign konunginn, að áminnst lagafrumvarp verði eigi staðfest af honum, en að ákvörð-
un sú, sem það inniheldur, verði sett með konungsúrskurði, og hefur hans hátign
konungurinn þarnæst 28. f. m. allramildilegast fallizt á, að land það, er reisa má á
verzlunarhús á Seyðisfjarðaröldu, skuli aukið um ströndina frá Fjarðará að innan í næstu
vík út frá Búðareyri, sem liggur inni við botn Seyðisfjarðar.

Þetta er eigi látið hjá líða að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegr-
ar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um brennisteinsnáma lands- 121
sjóðsins í Þingeyjarsýslu. — Einsog yður var skýrt frá, herra landshöfðingi, með brjefi 23. okt.
28. ágúst 1882, leyfði ráðgjafinn 15. s. m., að fjelagið «the Iceland Sulphur and Copper
Company Limited» í Lundúnum kæmi í stað hins fyrrverandi leiguliða brennisteins-
náma þeirra í Þingeyjarsýslu, er landssjóður á, og tæki við af honum öllum rjettindum
þeim og skyldum er áskildar voru í samningi þeim, um leigu nefndra náma, er gjörð-
ur var 13. apríl 1872 milli dómsmálastjórnarinnar og Alfreds G. Locks, og sem hjermeð
fylgir, og hafði nefnt fjelag áður látið til geymzlu í privatbankann hjer á staðnum
10000 kr. veðfje til tryggingar því, að samningurinn yrði haldinn frá þess hálfu.

En nú hafði fjelag þetta, sem er undir skiptameðferð, í lok mánaðarins er leið
ekki greitt leigugjald það af námunum, er fjell til borgunar 1. s. m., þrátt fyrir það þó
þess væri krafizt hjá umboðsmanni fjelagsins hjer á staðnum, F. Holme stórkaupmanni,
og lýsti ráðgjafinn því þessvegna yfir í brjefi til nefnds umboðsmanns, að fjelagið hefði
fyrirgjört öllum rjetti eptir samningnum samkvæmt 7. grein hans, og ljet jafnframt
taka úr privatbankanum og greiða í reikning jarðabókasjóðs við aðalfjehirzluna veðfje það,
10000 kr., er fjelagið hafði látið í bankann til geymslu, en sem samkvæmt nefndri grein
samningsins er fallið til landssjóðs.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra landshöfðingi til þóknanlegrar leið-
beiningar og birtingar, skal þjónustusamlega skorað á yður að gjöra ráðstafanir til þess,
að nefndir námar verði teknir undir umráð landssjóðs, og jafnframt er skorað á yður að
láta í tje þóknanlegt álit yðar um það, hvernig farið skuli að, til að gjöra námana eptir-
irleiðis arðberandi fyrir landssjóð.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ályktun efri deildar við- 122
vikjandi láni til að fullkomna ullarvinnuvjelar. — Með þóknanlegu brjefi 23. sept. 7. nóv.
þ. á. hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað ályktun, sem samþykkt var í efri deild
á alþingi í ár, og þar sem skorað er á stjórnina að veita Magnúsi Þórarinssyni á Hall-

16. dag desemberm. 1885.